

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 28. júní 2018 kl. 9:30, en þetta var 63. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar. Runólfur Pálsson hafði boðað forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (7. júní 2018) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „functional“ (31 færsla), „lymphoma“ (18 færslur) og einnig „lymphoid node“, „nodule“ og „follicle“ (9 færslur). Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn og sumt hafði verið borið undir viðkomandi sérfræðinga. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur; nokkrar færslur þarf að athuga betur. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum á næstu dögum.

b) Rætt var almennt um orðabókarvinnuna, eðlilegar áherslur og áhrif ICD-11 á störf nefndarinnar.

3. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 13. september 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:30.